

Ed.

73. Frumvarp til laga

um klaksjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta reisa klakstöðvar.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 10 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning til eigi skemmri tíma en tíu ára við eigendur að ám, sem bentugar þykja til laxveiði og laxræktunar, um veiði í ánum og um að reisa tvær klakstöðvar, og geti hvor stöðin framleitt allt að 2½ millj. laxaseiða. Ríkisstjórnin getur á sama hátt gert samning við eigendur laxveiðiréttinda. Í samningnum skal þetta tekið fram:

- A. að ríkisstjórnin skuldbindi sig til þess að skila í ár þær, er stofnveiði er fengin úr til klakstöðvar, 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvarinnar;
- B. að áreigendur eða eigendur laxveiðiréttinda skuldbindi sig til þess að veiða eigi í net eða aðrar veiðivélar og til þess að leyfa eigi öðrum að veiða þannig í ánni meðan samningurinn er í gildi, en heimilt skal þeim, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veiða lax á stöng þann tíma, sem heimilað er í gildandi lögum;
- C. að heimilt sé að láta veiða til klakstöðvarinnar á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, er henta þykir.

4. gr.

Nú tekst eigi sammingsgerð með áreigendum eða eigendum laxveiðiréttinda og landsstjórninni, og hefir þá landsstjórnin heimild til þess að taka á eða laxveiðiréttindi eignarnámi, eða notkunarnámi um ákveðið árabil, og greiða fyrir það eftir mati þriggja óvilhallra, dómkvaddra manna, enda gilda þá eigi ákvæði A-liðs 3. gr. um ána.

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar hvorrar klakstöðvarinnar, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

6. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er

að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

7. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrar-kostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

8. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr. Með brot gegn 2. gr. skal fara eftir almennum ákvæðum tollalaga.

9. gr.

Brot gegn B-lið 3. gr. varða sektum allt að 1000 krónum, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. bera þetta frv. fram að tillblutan landbúnaðarráðherra, en skipulagsnefnd atvinnumála hefir samið það. Hafa flm. óhundið atkv. um einstök atriði. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta miðar að því að auka laxaklak í landinu frá því sem nú er. Það er alkunnugt, að skilyrði fyrir laxaræktun eru mjög góð hérlandis, og betri en víðast hvar annarsstaðar í álfunni. Hér eru margar og góðar ár, átuauðugt haf og góður laxastofn, en þrátt fyrir þetta hafa ýmsar ágætar laxaár tæmzt á síðari tímum, svo að til vandræða horfir. Ber því nauðsyn til, að hér sé gripið fram í og kostað kapps um að hjarga þessum ágæta tekjustofni landsmanna frá rýrnun.

Stefnt er að því að ná þessu markmiði með tvennskonar ráðstöfunum í frumvarpinu: Stofnun klaksjóðs og hyggingu klakstöðva.

Klaksjóður er stofnaður á þann hátt, að ríkið leggur honum til 5000 kr. árlega í næstu 5 ár, 10 auro gjald af kg. af seldum laxi rennur til hans og auk þess tekjur af væntanlegri sölu laxaseiða. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, að tollur af laxasölu renni beint til þess að auka laxaframleiðsluna með klaki, svo að þótt laxveiðamenn verði að greiða gjald þetta, þá er því varið til þess að styðja atvinnurekstur þeirra. Er þess því að vænta, að ekki verði litið á þetta sem álögur á menn, heldur sem ráðstöfun þeim til hagsbóta. Nú má áætla gjald þetta 6—7000 kr. fyrst um sinn, með líkri veiði og verið hefir undanfarin ár. Og ef klakstöðvar seldu 3 millj. seiða árlega, þá gæfi það í klaksjóð 15000 kr., ef seiðin væru seld á 5 kr. þúsundið. Er það verð að visu miklu lægra en nú tíðkast, en senni-

lega mundi þykja rétt að selja seiðin við sem lægstu verði, enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að það megi ekki fara fram úr 8 kr. þúsundið.

Með þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir í frv. að klaksjóður fái, ætti hann að geta staðið árlegan straum af klakstarfseminni og með tímanum geta aukið klakstöðvar. En hinsvegar er gert ráð fyrir, að ríkið reisi tvær stöðvar þegar, og væri eðlilegt, að þær yrðu reistar hvor í sinum laudsfjórðungi. Ekki þótti þó rétt að ákveða um það í frv., hvar stöðvarnar yrðu reistar, en þess yrði að sjálf-sögðu gætt, að þær yrðu við góðar laxaár og í nánunda við þá staði, er mesta þörf hafa fyrir seiði. Nú á ríkið sjálf ekki laxaár eða veiðiréttindi í þeim, og er því óþjákvæmilegt, að samningur sé gerður við áreigendur um heimild til þess að notfæra sér árnar á þann hátt, að stofnveiði til klaksins verði næg. Virðast það samgjörn skipti frá ríkisins hálfu, að eigendum árinna sé eigi heimilt að veiða í net, þegar þess er gætt, að eftir 5 ára tímabil — sem samningurinn stæði yfir — hefði veiðin aukizt stórlega, en 20% af árlegri seiðaframleiðslu klakstöðvar er ætlað fyrir þær ár, er stofnveiði er tekin úr. Geti menn ekki sætt sig við þessi skipti, fá þeir matsverð fyrir eignina eða fyrir notkunarrétt hennar um þetta tímabil.

Kostnaður við að reisa klakstöð er áætlaður um 16000 kr., og er þá ætlað til, að klakhúsinu fylgi þrær og kassar og öll nauðsynleg veiðarfæri. Klakhúsið yrði nokkru dýrara, ef umsjónarmanni væri ætluð íhúð í því. En til þess að spara þau útgjöld er eðlilegt, að klakstöðin yrði reist þar, sem unnt yrði að starfrækja hana frá bæ eða heimili.

Árlegur rekstrarkostnaður klakstöðvar áætlast á þessa leið:

Laun umsjónarmanns	kr. 3000.00
Aðstoð við veiði stofnfiskjar	— 2000.00
Viðhald á veiðarfærum, kössum o. s. frv.	-- 1000.00
Flutningur seiða	--- 3000.00
	<hr/>
Samtals	kr. 9000.00

Síðasti liðurinn (flutningur seiða) mætti virðast nokkuð hár, og ef til vill yrði unnt að komast af með minni upphæð, en nauðsyn ber til þess, að klakstöðin annist allan flutning þeirra og gæti þess, að þau séu sett í þá staði í veiðivötnum, er bezt koma að haldi. Þarf nákvæmni við þessi efni og er sjálfsagt, að þeir hafi þetta með höndum, sem bezt skilyrði ættu að hafa til þess að leysa verkið vel af hendi.

Ef áætlað er, að 3 millj. seiða séu seldar í veiðivötn árlega og gert er ráð fyrir, að ½—1% af seiðunum veiðist aftur sem fullorðinn lax, ætti laxveiðin að aukast um 15—30 þúsund laxa á ári eftir að fyrstu árgangarnir væru fullvaxnir. Sé laxinn áætlaður 4 kg. að meðaltali og kg. selt á 1 kr., nemur þetta 60—120 þús. kr. árlega.

Geta má þess í þessu sambandi, að ef áreigendur, sem seiðin kaupa, notfæra sér þá möguleika, sem eru fyrir því að rækta hverja á til fulls — t. d. með því að stofna fiskiræktar- og veiðifélög, sbr. lög nr. 6 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag, og lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði —, þá margfaldast að sjálf-sögðu þessi gróði. Enda er svo fyrir mælt í 6. gr. þessa frv., að til slíkra félaga

skulu seiðin einkum seld, þótt heimilt sé að selja þau öðrum. Ef til vill kæmist ríkisstjórnin að þeirri niðurstöðu, er meiri reynsla fengist um þessi efni, að rétt væri að notfæra sér ekki þessa heimild, heldur knýja menn í félagsskap um veiðina.

Að öðru leyti er ekki þörf skýringa á frumvarpinu“.